



Upplýsingar um réttindi hluthafa á aðalfundi Vátryggingafélags Íslands hf. þann 20. mars 2019.

Til fundarins var boðað með fundarboði þann 27. febrúar 2019. Heildarfjöldi hluta á þeim degi var kr. 1.952.642.307 að nafnverði en heildarfjöldi atkvæða á sama degi var kr. 1.910.042.307 að nafnverði, þar sem eigin hlutir félagsins veita ekki atkvæðisrétt.

Eftirfarandi reglur gilda um þátttöku og atkvæðagreiðslu á aðalfundi félagsins:

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar – Hver hluthafi á rétt á að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en sunnudaginn 10. mars 2019. Hægt er að senda tillögur á netfangið stjorn@vis.is. Með kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar. Mál sem hafa ekki verið tilgreind í dagskrá hluthafafundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir aðalfund á stjorn@vis.is eða á aðalfundinum sjálfum.

Reglur um sókn aðalfundar - Öllum hluthöfum félagsins er heimilt að sækja aðalfund þess og taka þar til máls. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja aðalfund fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja aðalfund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á aðalfundi. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð (stjorn@vis.is) og skal það undirritað og dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla, þó ekki eftir að aðalfundur hefst. Aðilar eða forsvarsmenn aðila sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hlutaskrárkerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Mælst er til þess að mætt sé tímanlega á aðalfund til að röskun verði ekki á fundarstörfum.

Atkvæðavægi og -greiðslur - Á aðalfundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar. Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram skv. hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins nema réttmæt krafa um margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 10% hlutafjár, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist til höfuðstöðva félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.